

Fundargerð

13. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 8. janúar 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerðir

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt milli funda. Fundargerðum síðustu funda hefur verið frestað. Ritari bar fram ámæli á ritara FRÍ og samþykkti fundurinn ámælin.

2. Innheimta þjónustugjalda

Samtöl hafa átt sér stað innan FRÍ hreyfingar og við ÍSÍ. Farið yfir 2017 og 2018. Ákveðið að senda bréf til ÍSÍ og félaga FRÍ um eðli málsins.

3. RIG 2019

RIG nefndin, verkefnastjóri gerir grein fyrir störfum. Mikilvægt að fjáröflun gangi upp. Mikilvægt að ungir iðkendur hafi möguleika á að mæta á pallana. Dómaramál á RIG rædd.

4. Stofnun starfshóps vegna hlaupa innanhúss

Í samræmi við tillögu á ársþingi. Nokkur nöfn nefnd. Ákveðið að fela formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá starfshópnum. Bent á að kynjahlutföll þurfa að vera í samræmi við reglur.

5. Vorönnin

Formaður ræðir verkefni vorannar. Rætt um fjárhag. Vísað til næsta fundar.

6. Önnur mál

a. Rætt um starfskjör og erindreka. Stjórn samþykkir tillögu gjaldkera og varaformanns um greiðslur fyrir störf erindreka.

b. Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um starfshópinn. Dropinn holar steininn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:01 með að sungið var lagið Life on Mars?, en David Bowie er eitt af frægum afmælisbörnum dagsins.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.